



ÁRSSKÝRSLA 2022



Skýrsla framkvæmdastjóra starfsárið 2022

Yfirlit

Helstu framkvæmdir ársins voru lokaáfangi lagningar ljósleiðara um dreifbýli á Fljótsdalshéraði og sniðræsi frá Fagradalsbraut áleiðis að lóð hreinsistöðvar á Melshorni. Á Borgarfirði var stofnlögn vatnveitu endurnýjuð frá Hólalandsvegi að Svínalæk. Á Seyðisfirði var fyrsta áfanga endurnýjunar stofnlagningar frá inntaki í lóni að Ránargötu lokið. Á Djúpavogi var ný kassaverksmiðja tengd vatns- og fráveitu. Efnisútvægur í nýja fráveitu á Djúpavogi var hafin með kaupum á dælubrunni sem settur verður framan við Hótel Framtíð. Jarðhitaleitarholur í Eiðabínghá var fjölgað og hitastigull metinn. Á Búlandsnesi var gerð tilraunadæling úr holunni sem sjálfrennsli hefur verið úr um árabíl, sem gefur góð fyrirheit um gæft svæðisins.

Samþætting starfsemi veitnanna eftir sameiningu í Múlaþing verður áfram mikilvægur hluti starfseminnar. Samstarf og þjónustukaup af áhaldahúsum sveitarfélagsins hefur gengið með ágætum og verður áfram í þróun.

Mannauður

Hjá félaginu störfuðu að jafnaði 8 manns á árinu:


- Framkvæmdastjóri
- Tveir til þrjár í verklegum framkvæmdum og reglubundnum viðhalds- og eftirlitsstörfum
- Skrifstofu- og fjármálastjóri
- Tækni- og gæðastjóri
- Verkefnastjóri
- Ræstitæknir á skrifstofu

Ársverk voru 6,8 á árinu.

Stefán Númi Stefánsson var við störf fyrstu 3 og síðustu 3 mánuði ársins.

Halla Sigrún Sveinbjörnsdóttir sagði starfi sínu lausu og hætti í lok desember. Auglýst var eftir nýjum tækni- og gæðastjóra í desember sem hefja mun störf um miðjan apríl.

Rekstrartekjur



Rekstrarreikningur

Rekstrarreikningur félagsins vegna ársins 2022 sýnir að reksturinn gekk vel.

Heildartekjur árið 2022 námu 674 m.kr. samkvæmt rekstrarreikningi samanborið við 641 m.kr. árið 2021. Hækkuðu um 5% frá fyrra ári.

Rekstrargjöld jukust einnig úr 234 m.kr. 2021 í 237 m.kr. eða um rúmt prósent.

Rekstrarhagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld á árinu nam 325 m.kr. samanborið við 301 m.kr. árið 2021. Hrein fjármagnsgjöld námu 56 m.kr. samanborið við 26 m.kr. árið 2021 og 68 m.kr. árið 2020. Þessar miklu sveiflur má helst skýra með sveiflukenndu efnahagsumhverfi; hækkuðum vöxtum, þenslu og verðbólgu.

Hagnaður ársins fyrir reiknaðan tekjuskatt er um 270 m.kr. Tekjuskattur nemur 17,5 m.kr.


Rekstrarniðurstaða ársins er því um 252 m.kr. í hagnað en var 251 m.kr. 2021.

Eignir og eigið fé


Heildareignir félagsins í árslok 2022 námu 2.796 m.kr. samanborið við 2.631 m.kr. í árslok 2021.

Langtímakröfur eru 14,2 m.kr. í árslok en voru 14,8 m.kr. í árslok 2021.

Rekstrartekjur í millj. kr.



Fjármagnskostnaður í millj. kr.



Eigið fé félagsins er 1.722 m.kr. í árslok 2022 samanborið við 1.469 m.kr. í árslok 2021 og er eiginfjárlutfall félagsins 61,6% samanborið við 55,9% í árslok 2021. Eiginfjárlutfallið hefur vaxið nokkuð stöðugt í rúman áratug, en með auknum verkefnum framundan er útlit fyrir að nokkuð muni ganga á eigið fé félagsins. Arðsemi eigin fjár var 14,7% á árinu en var 17,1% 2021.

Heildarskuldir samkvæmt efnahagsreikningi námu 1.074 m.kr. í árslok 2022 samanborið við 1.161 m.kr. í árslok 2021. Langtímaskuldir námu alls 836 m.kr. í árslok, samanborið við 916 m.kr. árið áður.

Sjóðstreymi


Veltufé frá rekstri nam 383 m.kr. á árinu 2022 eða sem nemur 56,8% af heildartekjum ársins. Að teknu tilliti til breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum er handbært fé frá rekstri 574 m.kr. 2022, en var 231 m.kr. árið 2021.

Fjárfestingar námu samtals 367 m.kr. á árinu og greindust þannig að fjárfestingar í hitaveitu námu 74 m.kr., fjárfestingar í vatnsveitu námu 83 m.kr. og fjárfesting fráveitu 81 m.kr. að teknu tilliti til opinberra styrkja. Þá nam heildarkostnaður félagsins vegna gagnaveitu í dreifbýli á Fljótsdalshéraði 188 m.kr. en á móti færast styrkir og framlög, 60 m.kr., nettó 128 m.kr.


Engin lán voru tekin á árinu. Afborganir langtímalána námu 61 m.kr. og afborganir leiguskulda 32 m.kr. Félagið greiddi samtals 42 m.kr. í vexti á árinu 2022, samanborið við 27 m.kr. árið 2021.

Handbært fé í árslok er 2 m.kr., samanborið við 7,7 m.kr. í árslok 2021.


Eigið fé í millj. kr.




Hagnaður EBITDA í millj. kr.



EBITDA sem hlutfall af veltu



Uppsöfnuð fjárfesting og fjármögnun með eigin fé í millj. kr. á verðlagi hvers árs.





Starfsemin á árinu

Hitaveita frá Urriðavatni

Heildarmagn af heitu vatni sem dælt var frá borholum við Urriðavatn nam 2.180 þúsund m³, meðalvinnsla er því 69,1 l/sek. eða 249m³ á klukkustund. Í desember var mesta mánaðarnotkun ársins, líkt og árið áður, um 259 þús. m³ eða um 97 l/sek að meðaltali. Aukning vinnslu frá fyrra ári er um 5,8%, sem er nokkuð meira en sérfræðingar hafa metið að sé sjálfbært. Fara þarf í saumana á því og leita skýringa. Ársmeðalhiti 2022 á veðurstöð veitunnar við Tjarnarbraut reiknast 4,1°C, en var 3,7°C 2021. Þar mældist mesti hiti 23°C 19. júní og minnstur -21°C á aðfangadag. Kuldakast sem hófst um miðjan desember stóð fram yfir áramót. Álag á vinnslusvæðið við Urriðavatn jókst verulega og var varaholan (UV-9) ræst til að tryggja afhendingu. Vinnslutoppur á tímabilinu frá miðjum desember til áramóta var 119 l/sek en hámarksgeta svæðisins hefur verið áætluð um 140 l/sek til skemmri tíma.

Sala á heitu vatni skv. sölukerfi er 1.710 þús. m³. Sala um hemla í dreifbýlinu og til sumarhúsa er um 323 þús. m³. Heildartekjur af heitavatsrekstri árið 2022 námu 252 m.kr.

Íþróttamannvirki á Egilsstöðum og í Fellabæ notuðu um 141 þús. m³ árið 2022, sem er um 13% meira en árið áður. Notkun á heitu vatni til afbræðslu var um 4 þús. m³. Gróðurhúsin á Valgerðarstöðum notuðu um 18 þús. m³ og Vök Baths notaði um 313 þús. m³ á árinu 2022.

Verkefni veitunnar voru eins og oft áður í viðhalds- og fyrirbyggjandi verkefnum m.a. voru endurlagðar nokkrar heimæðar hita-, vatns-, og fráveitulagna. Bilanir í veitukerfinu voru fátíðar, þó einhverjar uppákomur verði í flestum mánuðum.

Rekstur hitaveitukerfis gekk almennt vel og var niðurtími vegna bilana í kerfinu fátíður.

Eldra dreifikerfi og heimæðar eru endurnýjaðar þegar tækifæri gefast t.a.m. vegna endurnýjunar gatna eða annarra nýframkvæmda.

Rekstrarkostnaður veitukerfis hitaveitunnar nam 42 m.kr. Rafmagn á dælubúnað kostar 19,8 m.kr., var 18,6 m.kr. 2021. Alls er rekstrarkostnaður hitaveitunnar um 7 m.kr. lægri 2022 en árið 2021.

Mínar síður og álestrar

Álestur notenda og skráning á Mínar síður HEF hefur ekki gengið eins vel og vonast var, en í október var gengið í hús og lesið og þar með fyllt í flestar eyðurnar. Reglulegur álestur hitaveitumæla er mjög æskilegur til að minnka sveiflur í upphæðum reikninga til viðskiptavina, sem stundum verða við uppgjörsálestra þegar langt líður milli þeirra.


Allt stefnir í að á næstu árum verði svokölluðum snjallmælum, sem mæla orkunotkun viðskiptavinar, skipt út fyrir gömlu rennismælana. Nokkrar veitur eru þegar byrjaðar að snjallmælavæðast. Aðgerðin er dýr, krefst nokkurs undirbúnings og mun eflaust teygja sig yfir nokkur misseri. Væntingar um að veitur í stærðarflokki HEF og minni verði undanþegnar kröfu um orkumælingu hjá viðskiptavinum virðast að engu orðnar.

Vatnsveita

Kaldavatnsöflun frá Köldukvísl á Eyvindarárdal hefur gengið vel og hafa gæði vatnsins verið mjög góð og stöðug frá upphafi. Heildarvatnsmagn frá Köldukvíslarvirkjun árið 2022 var um 672 þús. m³ eða að meðaltali 21,9 l/sek., minnkaði um 6% frá fyrra ári sem var 3% minna en 2021. Þessi þróun er óvænt og óútskýrð. Rafmagnskostnaður á kaldavatnsdælur allra vatnsveitna var 4,7 m.kr. á árinu. Rekstrarkostnaður veitukerfis vatnsveitunnar var 18,4 m.kr. eða um 4,5 m.kr. hærrí en árið 2021.


Dreifikerfi vatnsveitunnar frá Köldukvísl nær yfir Egilsstaði, Fellabæ, að Ketilsstöðum á Völlum og að Finnsstöðum og Fossgerði í Eiðabinghá.

Samtengi á lögn að Kirkjumiðstöð á Eiðum bilaði sem olli miklum leka, svo miklum að dælur og miðlun réðu illa eða ekki við. Langan tíma tók að finna lekann. Öll lögnin var þrædd, sónuð og innmæld.



Aftaka úrkoma varð um miðjan nóvember á Héraði sem orsakaði mikið flóð í Staðará í Hallormsstað. Aurblandað vatn árinna barst í vatnstökubrunn sem nýttur hefur verið um árabíl án teljandi vandræða. Forgangsverkefni í sumar er að tryggja sem best frágang vatnstökunnar og gæði vatnsins. Sýni sem tekin voru úr veitunni nokkrum dögum síðar stóðust gæðakröfur.

Tekjur starfspátta í millj. kr.



Í kjölfar þess að borhola í Brúarási féll saman var vatnstökunni breytt á þann veg að tvær holur sem boraðar voru fyrir varmadælu í skólanum og nærliggjandi byggingar var tengd inná dreifikerfi vatnsveitunnar. Gamli miðlunargeymirinn er enn notaður. Sýni hafa staðist gæðakröfur.

Rekstur vatnsveitna á Djúpavogi, Seyðisfirði og Borgarfirði eystri gengur ágætlega. Vatn er geislað með útfjólubláu ljósi á Djúpavogi og Seyðisfirði. Vatnsgæði hafa alla jafnan verið ásætlanleg, en mikilvægi lýsingar með UV-ljósi vega þungt í því að uppfylla gæðakröfur m.t.t. gerlafjölda. Vatn á Borgarfirði eystri stenst gæðakröfur án lýsingar.

Ófremdarástand skapaðist í ágúst og september vegna óvenju langs þurrkatímabils. Verulega dróg af vatnsbólum til sveita, sér í lagi á Fljótsdalshéraði. HEF kom að skipulagningu aðstoðar við bændur og ferðapjónustuaðila sem svo þáðu með vatnsflutningum og útvegum lítilla neyðartanka til áfyllingar á bæjarhlöðum og -hólum. Ástandið varð til þess að nokkrir bændur réðust í vatnsleit og boranir sem gengu mis vel.

Ítarleg valkostagreining um framtíðaruppbyggingu vatnsveitu á Seyðisfirði var í vinnslu á haustmánuðum en lauk ekki fyrir áramót.

Heildartekjur af álögðu vatnsgjaldi og vatnssölu skv. mæli nam um 160 m.kr., hækkaði um 16 m.kr. frá fyrra ári.

Fráveita

Álögð gjöld fráveitu voru 242 m.kr. og er hækkun frá fyrra ári um 30 m.kr. Kostnaður við rekstur fráveitukerfis 2022 nam 48,7 m.kr. en árið 2021 var kostnaðurinn 45 m.kr., hækkun um 3,7 m.kr. milli ára.

Á Egilstöðum og Fellabæ eru rekstrarleigusamningar við Hreinsitækni ehf. vegna hreinsivirkja í gildi allt til ársins 2027. Fyrstu samningarnir renna út haust 2023, en framlenging þeirra hefur verið tryggð. Hreinsitækni sér einnig um hreinsun rotþróa í dreifbýli Múlþings, en tæmdar og hreinsaðar rotþrær voru samtals 178 á árinu 2022.

Lögð hefur verið áhersla á þau verkefni fráveitu, þar sem því verður við komið, að skilja skólp frá regnvatni og bakrásarvatni hitaveitu. Með þeim aðgerðum eykst geta hreinsivirkja til að standast hreinsunarkröfur og rekstrarkostnaður minnkar.

Komist var fyrir lyktarmengun frá hreinsivirki við Einbúabla með yfirbyggingu á það á vordögum. Lyktarmengun í hverfinu á því að vera úr sögunni.

Rekstur fráveitna á Borgarfirði, Seyðisfirði og Djúpavogi hefur verið í sama horfi og undanfarin ár.

Söfnun eldhúsfitu frá heimilum og fyrirtækjum, með það að markmiði að minnka verulega álag á fráveitu- og hreinsikerfi hefur verið í gangi og er vonandi komið til að vera. Margnota trektar á einnota plastflöskur eru afhentar íbúum og fyrirtækjum endurgjaldslaust. Tekið er á móti eldhúsfitu á móttökustöðvum í sveitarfélaginu.



Gæði og eftirlit

Veitan nýtur þjónustu og eftirlits Heilbrigðiseftirlits Austurlands (HAUST).

Eins og að framan hefur verið vikið að spilltist neysluvatn í nokkra daga í Hallormsstaðarveitu um miðjan nóvember í kjölfar óvenju mikilla rigninga. Þá eru gæðafrávik vatnsveitu Djúpavogs vegna gruggs og gróðurleifa. Engin síun er í inntaki í Búlandsá og sía við miðlunartank hjá Borgargarðsrétt ræður ekki við að hreinsa það sem þangað berst. Endurhönnun inntaks með síun í Búlandsdal verður unnin á vordögum og þess vænst að vinna við úrbætur geti hafist á árinu, en þó er óljóst hverra leyfa verður krafist fyrir framkvæmdir og hve langan tíma það tekur að afla þeirra.

Umhverfissvöktun við útrásir fráveitu hefur sýnt að álag á viðtaka er sumstaðar óheppilega mikið, en markmið félagsins, sem fjárfestingaáætlanir fráveitnanna bera með sér, er að minnka þessi neikvæðu áhrif. Þátttaka stjórnvalda í kostnaði við úrbætur er afar þýðingarmikill, sérstaklega fyrir smærri veitur eins og okkar.

Gagnaveita

HEF hefur unnið að lagningu ljósleiðara í dreifbýli á Fljótsdalshéraði, því sem fellur undir átaksverkefni stjórnvalda „Ísland ljóstengt“. Öllum áföngum jarðvinnu, var lokið á haustdögum þegar innri hluta Fella, sunnan Rauðalækjar, kláraðist.

Blástur strengja og tengivinna gekk sæmilega og kláraðist að lang mestu leyti fyrir áramót.

Veruleg fjárvöntun er í verkefninu og hefur verið kallað eftir frekari stuðningi stjórnvalda við það. Niðurstaða liggur ekki fyrir.



Skógarorka

Viðræður stærstu hluthafa um örlög félagsins hófust á árinu.

Hitaveita Djúpvogshrepps

Blikur eru á lofti. Svo virðist sem stjórnvöld muni á ný opna á styrkveitingar til jarðhitaleitar. Ekki þarf að tíunda mikilvægi þess fyrir byggðalög á köldum svæðum. Vonir eru bundnar við að stjórnvöld styrki verkefnið á Búlandsnesi, ekki síst í ljósi vitundarvakningar um mikilvægi jarðhitavinnslu í orkuskiptum.

Samorka

HEF er aðili að Samorku, samtaka orku- og veitufyrirtækja á Íslandi. Samtökin gegna veigamiklu hlutverki í rekstri og umhverfi veitnanna, ekki síst minni veitna. Samorka hefur staðið fyrir og verið málsvari veitnanna gagnvart stjórnvöldum. Drjúg vinna Samorku felst í umsagnarvinnu og samskiptum við stjórnvöld vegna þeirra fjölmörgu brýnu verkefna sem hvíla á veitum og orkufyrirtækjum. HEF á varamann í stjórn Samorku og fulltrúa í ráðgjafaráði veitna og fagraðum samtakanna á sviði hitaveitu, vatnsveitu og fráveitu.

Samorkuþing, ráðstefna um orku- og veitumál var haldin í Hofi á Akureyri í maí. Vöru og þjónustusýning fór fram samhliða þinginu. Stjórnarformaður og 4 starfsmenn HEF sóttu þingið sem heppnaðist vel í alla staði.

Reikningshald og endurskoðun

Mikil vinna fór í endurnýjun bókhaldskerfisins og er það í öllum meginatriðum komið í gott stand. Áætlana- og skýrslugerð þarf að koma í betra horf.


Aðalviðskiptabanki HEF er Arion banki, en viðskipti við Íslandsbanka eru einnig nokkur og eru samskipti við þessar fjármálastofnanir með miklum ágætum.

KPMG ehf. hefur endurskoðað ársreikning félagsins eins og undanfarin ár ásamt því að aðstoða við reikningsskil innan ársins og vinnu við fjárhagsáætlanagerð. Árshlutareikningur var gerður fyrir fyrstu 8 mánuði ársins.

Nýframkvæmdir

Á árinu 2022 var fjárfest með framkvæmdum fyrir 458 m.kr., um 9% minna en árið áður. Í hitaveitu voru nýframkvæmdir fyrir 74 m.kr., í vatnsveitunni fyrir 83 m.kr., fráveitunni fyrir 113 m.kr. og gagnaveitu á Fljótsdalshéraði fyrir 188 m.kr. Heimlagnir að nýjum íbúðum voru 8 á Borgarfirði, 1 á Seyðisfirði, 1 á Djúpvaggi, 11 á Egilsstöðum og 6 í sumarbústaði á Fljótsdalshéraði.

Fjárfestingar á verðlagi hvers árs í millj. kr.



Egilsstaðir

Stærstu verkefni á Egilsstöðum og Fellabæ voru lagning sniðræsis fráveitu frá Fagradalsbraut að göngustíg við brennustæði og veitulagnir í nýtt hverfi í Votahvammi við Eyvindará. Votihvammur var tekinn fram fyrir endurnýjun lagna í Reynivöllum, en það verkefni var boðið út í janúar 2023. Tilboð barst frá einum verktaka. Verktími er sumarið 2023.

Forhönnun ferlis og búnaðar í hreinsistöð á Melshorni var lokið miðað við fulla fyrsta þreps hreinsun. Áætlun um kostnað fór langt fram úr fyrri áætlunum og ljóst að nauðsynlegt er að áfangaskipta framkvæmdinni. Ekki var hætt á að halda hönnun áfram vegna rannsóknarhelgunar Vegagerðarinnar á lóðinni vegna fyrirhugaðrar Melshornsleiðar. Skipulagsbreyting er í ferli í mars 2023.

Fljótsdalshérað

Ljósleiðaraverkefninu var að mestu lokið um áramót ('22-'23). Eftirstöðvar þá voru mælingar og lokafrágangur. Verktakar hafa lagt fram lokareikninga sína.

Undirbúningsvinna vegna hitaveitu í Eiða er komin vel á veg. Áætlun gerir ráð fyrir að stofnlögn og hluta dreifilagna á Eiðum verði lokið á haustmánuðum 2023.

Þá var um í lok árs undirbúningur fyrir framhald vatnsveitu frá Unalæk inn Velli langt kominn. Flestir bæir vilja tengingu.



Nokkrir nýir bústaðir í Eyjófsstaða- og Úlfsstaðaskógum voru tengdir hita- og gagnaveitum.

HEF keypti nýja varmadælu Múlþings í Brúarási og mun sjá um rekstur og viðhald hennar. Samningur um framtíðarfyrirkomulag er í vinnslu.

Hitastigulsrannsóknir voru gerðar í löndum Breiðavaðs og Mýness II á sumarmánuðum. Ráðgjafi hefur á grundvelli þeirra áætlað legu sprungu við og samsíða bakka Lagarfljóts á mörkum jarðanna. Þar með eru fyrirbyggjandi forsendur fyrir staðsetningu tilraunavinnsluholu. Samningur við jarðaeigendur er í vinnslu, en ljóst að ekki verður haldið áfram með verkefnið fyrr en að honum frágengnum.

Seyðisfjörður

Fyrsti áfangi endurnýjunar stofnlagnar vatnsveitu, 650m norður frá hreinsistöð var lagður á vordögum. Þessi hluti lagnarinnar lenti fremst í forgangsröð vegna skörunar við vinnu við snjóflóðagarða í hlíðinni ofar. Ofanflóðasjóður greiddi hluta framkvæmdarinnar.

Djúpivogur

Prufudæling úr sjálfrennslisholu á Búlandsnesi var gerð um mitt sumar. Prófunin lofar góðu, en ráðgjafi vill dæla aðeins meira samhliða niðurdælingu í aðliggjandi holur til að átta sig betur á samgangi milli holanna. Sú aðgerð átti að fara fram um leið og straumur kæmi á spennistöð (og heimitaug) nærri holunni vegna mikils kostnaðar og umstangs við dælingu með rafmagni framleiddu á staðnum. Tengingin fékkst ekki á haustdögum eins og samið hafði verið um. Verkefnið er í forgangi þegar vetri hallar.

Afgreiðsla aðalskipulagsbreytingar fráveitu tafðist vegna óvissu um legu dælulagnar undir Voginn. Ekki lá fyrir í árslok, hvaða leið Búlandstindur ætlaði með sína dælulögn. Því var óhægt um vik að ljúka skipulagsbreytingunni sem er forsenda framkvæmdaleyfis til fráveitunnar. Búlandstindur upplýsti um breytta stefnu í febrúar 2023 og þá hugmynd að leggja lögn fyrir vinnsluvatn frá laxaslátrun og frystihúsi úr Gleðivík í Hamarsfjörð. Því er útlit fyrir að samlegð verði ekki eins mikil og ráðgert var, en þó verður lagnaleið milli frystihúss og bræðslu samnýtt með Búlandstindi. Dælubrunnur sem settur verður framan við Hótel Framtíð hefur verið keyptur og er kominn á Djúpavog. Einnig hefur verið gengið frá kaupum á lítilli hreinsistöð sem sett verður á Langatanga.

Borgarfjörður eystri

Endurnýjun stofnlagnar vatnsveitu frá Hólalandsvegi að Svínalæk er lokið, að undanskildum innátengingum heimæða. Á stórum hluta var jarðvinna samstarf HEF og Rarik. Samhliða var lögð jarðvatnslögn frá Fjarðaborg 100m leið í skurð milli Odda og Borgar. Með þeirri framkvæmd á ástand í kjallara Fjarðaborgar að stórbatna og vonandi minnka flæði jarðvatns á lóðir Bjargs og Sæbóls.

Vatnsveita var lögð í nýbyggingu Blábjarga en úrbótum fráveitu eftir stækkun er ólokið.



Viðhald og endurnýjanir

Markmið HEF er að sinna fyrirbyggjandi viðhaldi á lagnakerfum, öllum búnaði og fasteignum sínum. Vegna fyrirsjáanlegs kúfs í nýframkvæmdum og átaki í endurnýjun vatns- og fráveitukerfa er líklegt að fyrirbyggjandi viðhaldsáform riðlist eitthvað, en markmiðið er skýrt.

Verkefni og framtíðarsýn

Hitaveita

HEF er eina veitan, amk. á Íslandi, sem býður hitaveituvatn sem vottað er til matvælaframleiðslu og neyslu.

Íslenskar orkurannsóknir, ÍSOR, hafa unnið forðalíkan fyrir jarðhitakerfið frá Urriðavatni svo gera megi spár um framtíðarafköst jarðhitakerfisins og uppbyggingu dreifikerfis.

Síðasta spá ÍSOR um vinnsluna við Urriðavatn gerir ráð fyrir viðunandi hitastigi (>70°C) á vatninu eftir 30 ár með „hóflegri“ vinnsluaukningu. Þar sem leit og vinnsla nýrra viðtakandi svæða er tímafrek er nauðsynlegt að veitan hugi tímanlega að nýjum svæðum eða borholum. Einn liður í viðleitni til þess er jarðhitaleit í landi Breiðavaðs og Mýness II í **Eiðabinghá**. Hitastigulsrannsóknir gefa góð fyrirheit um hitastig en alls óvíst er hvort vatn finnst á svæðinu. Ráðgjafi fullyrðir að þó nálægðin við Urriðavatn sé mikil séu jarðhitakerfin ótengd.

Áætlað er að leggja hitaveitu í **Eiða** á komandi ári (2023).

Rannsóknnum á **Búlandsnesi** verður lokið á allra næstu vikum og þar með áætlun um borun tilraunavinnsluholu. Tilboð barst frá borverktaka í haust, en eftirspurn eftir jarðborum á landinu er mun meiri en framboðið og margra mánaða bið eftir þjónustu þeirra. Mikið hagræði er af því að bora á Búlandsnesi og Breiðavaði í einni og sömu ferð borsins á svæðið.

Kyndingakostir á Seyðisfirði

HEF skipaði fulltrúa í starfshóp um framtíðarfyrirkomulag kyndingar á Seyðisfirði. Hópurinn fundaði fyrst í febrúar s.l. og stefnir að því að skila frá sér niðurstöðum fljótlega eftir páska.



Fráveita

Fráveitumál verða fyrirferðarmikil í framkvæmdum HEF á komandi árum. Á **Egilsstöðum og Fellabæ** verður haldið áfram með hönnun og undirbúning hreinsistöðvar og að innkaup búnaðar og framkvæmdir hefjist.

Stefnt er að lagningu útrásar á Langatanga á **Djúpavogi**, en nokkrir endar eru enn óhnýttir áður en af því getur orðið. Á Seyðisfirði mun fyrir en seinna þurfa að ráðast í hreinsun fráveituvatns, greiningarvinna er áætluð á árinu. Á **Borgarfirði eystri** eru viðbætur/breytingar fráveitu frá Blábjörgum í farvatninu, sem og nokkrar heimæðar.

Nauðsynlegar úrbætur fráveitu, bygging hreinsivirkis, í Seyðisfirði eru á skipulagsstigi og haldast í hendur við framkvæmd landfyllingar í svæðið hjá smábátahöfninni.

Stjórnvöld styrkja úrbótaverkefni í fráveitumálum, 20% af raunkostnaði framkvæmda. Skilyrði styrkveitinga eru ströng og skilyrðislaus krafa um ítarleg gangaskil með umsóknum. Í reglugerð um **fráveitustyrki** er kveðið á um 15-30% styrki, sem m.a. taki mið af kostnaði á íbúa hverrar veitu. [Rg. 1424/2020, 5 gr.]. Sú aðferðafræði hefur ekki verið viðhöfð við úthlutanir úr sjóðnum en gæti haft umtalsverð áhrif á framlög til fráveitna HEF. Þessu hefur verið komið á framfæri við ráðherra.

Vatnsveita

Á **Seyðisfirði** er áætlað að vinna 2. áfanga endurnýjunar stofnlagnar frá vatnshreinsistöð samsíða Vesturvegi að Ránargötu. Tímasetning endurnýjunar efri hluta lagnaleiðar; frá hreinsistöð að Lóni hefur ekki verið ákveðin, en lega hennar mun að hluta fylgja nýrri veglínu að Fjarðarheiðargöngum.

Helstu verkefni í endurnýjun á dreifikerfi veitnanna ásamt því að tvöfalda fráveitukerfi hafa ekki verið fastnegld, nema **Reynivellir** á Egilsstöðum, þar sem lagnir verða endurnýjaðar 2023, áður en yfirborð götunnar og gangstéttar verða endurnýjaðar.

Gagnaveita

Lagningu ljósleiðara í dreifbýli á Fljótsdalshéraði (Ísland ljóstengt) lauk á árinu. Örfáum tengingum var ólokið í árslok auk gæðamælinga sem lauk á þorra. Stjórn félagsins hefur áform um ítarlega skoðun á rekstrarformi gagnaveitunnar.

Góu 2023,
Aðalsteinn Þórhallsson,
framkvæmdastjóri

<p>Qualified Electronic Signature</p> <p>ÍVAR KARL HAFLÍÐASON Personal code: 140981-4199 2023-03-07 14:47:46 GMT Í stjórn</p>	<p>Qualified Electronic Signature</p> <p>ÁGÚSTA BJÖRNSDÓTTIR Personal code: 150862-2569 2023-03-07 14:50:28 GMT Í stjórn</p>	<p>Qualified Electronic Signature</p> <p>VILHJÁLMUR JÓNSSON Personal code: 220350-4749 2023-03-07 14:50:52 GMT Í stjórn</p>	<p>Qualified Electronic Signature</p> <p>HILDUR ÞÓRISDÓTTIR Personal code: 290483-3019 2023-03-07 14:51:25 GMT Í stjórn</p>
<p>Qualified Electronic Signature</p> <p>ADALSTEINN ÞÓRHALLSSON Personal code: 301056-2989 2023-03-07 14:51:55 GMT Frankvæmdastjórn</p>	<p>Qualified Electronic Signature</p> <p>HELGI HLYNUR ÁSGRÍMSSON Personal code: 011069-5259 2023-03-07 14:52:18 GMT Í stjórn</p>	<p>Qualified Electronic Signature</p> <p>MAGNÚS JÓNSSON Personal code: 130976-5309 2023-03-07 14:53:11 GMT Endurskoðandi</p>	

HEF veitur ehf.
Ársreikningur 2022

HEF veitur ehf.
Einhleypingi
700 Egilsstaðir

kt. 470605-1110

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

HEF veitur (áður Hitaveita Egilsstaða og Fella) er einkahlutafélag og sjálfstætt þjónustufyrirtæki sem rekur hitaveitu, vatnsveitu og fráveitu í sveitarfélaginu Múlaþingi ásamt uppbyggingu á gagnaveitu í dreifbýli.

Ársreikningur félagsins fyrir árið 2022 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Hagnaður varð af rekstri HEF veitna ehf. á árinu sem nam 252 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 2.796 millj. kr. í árslok. Eigið fé nam 1.722 millj. kr. í árslok og er eiginfjárlutfall félagsins 61,6%.

Í árslok 2022 nam hlutfé félagsins 582,4 millj. kr. og breyttist ekki á milli ára. Allt hlutfé er í eigu sveitarfélagsins Múlaþings, kt. 660220-1350, eins og í ársbyrjun.

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa á árinu 2023 vegna rekstrarársins 2022, en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra HEF veitna ehf. eru reikningssskil félagsins í samræmi við lög um ársreikninga. Að álit stjórnar og framkvæmdastjóra gefur ársreikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2022 og rekstrarafkomu félagsins sem og breytingu á handbæru fé á árinu.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri fyrirtækisins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem fyrirtækið býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri HEF veitna ehf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Egilsstöðum, / 2023

Í stjórn fyrirtækisins:

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eiganda HEF veitna ehf.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning HEF veitna ehf. („félagið“) fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2022 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

